



Stjórnarráð Íslands  
Umhverfis-, orku- og  
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is  
545 8600

Skuggasundi 1,  
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Súðavíkurhreppur  
Grundarstræti 1-3  
420 Súðavík

Reykjavík 26. júlí 2022  
Tilv.: UMH22070060/8.14

Vísað er til erindis Braga Þórs Thoroddsen f.h. Súðavíkurhrepps, dags. 19. júlí 2022, um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til þess að vera með brennu þann 29. júlí nk. við brennustæði í Súðavík vegna *Gönguhátíðar í Súðavík* um verslunarmannahelgina. Fram kemur að á umræddu brennustæði hafi verið haldnar brennur vegna áramótagleði og vegna gönguhátíðar undanfarin ár. Vegna misskilnings hafi ekki verið sótt um brennuleyfi fyrir en þann 15. júlí 2022, samkvæmt umsókn um starfsleyfi fyrir brennuna sé sótt um leyfi fyrir 100 rúmmetra brennu, jafnframt er tekið fram að það sé væntanlega vel yfir mörkum sem fyrirhugað sé að brenna. Fyrrum slökkvistjóri sé brennustjóri og umsagna hafi verið aflað frá Slökkviliði Ísafjarðarbæjar um leyfið auk þess sem hreinsað verði eftir brennu. Einungis timbri sé brennt í bálkesti.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I, II og IV, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. Brenna, stærri en 100 rúmmetrar, fellur þar undir, sbr. 8. tölul. viðauka IV.

Í umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 25. júlí sl., kemur fram óskað sé eftir tímabundinni undanþágu frá kröfu um starfsleyfi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem kröfu um kynningarferli skv. 3. mgr. 7. gr. sömu laga hefur ekki verið fullnægt. Samkvæmt upplýsingum frá heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða hafi umsókn um starfsleyfi borist þann 15. júlí sl. Þann 18. júlí sl. hafi starfsleyfið verið auglýst og frestur til að skila athugasemdum og ábendingum sé til 18. ágúst nk. Í beiðni umsækjenda komi fram að ástæða umsóknar um tímabundna undanþágu sé sú að vegna misskilnings hafi ekki sótt um leyfi fyrir. Umhverfisstofnun bendi á að skilyrði fyrir undanþágu sé að rík ástæða mæli með því að hún verði veitt. Stofnunin telji að ekki sé komin fram nægilega skýr nauðsyn fyrir veitingu undanþágu frá starfsleyfi. Rekstraraðili hefði mátti sjá fram að útgáfa starfsleyfisins gæti tekið tíma og ekki sé sjáanlegt að rík ástæða eða brýn þörf sé til staðar. Stofnunin telji því æskilegra að starfsleyfisútgáfan fylgi lögmætu ferli og starfsleyfi gefið út. Stofnunin leggi hins vegar til, verði undanþága veitt, að undanþágan verði bundin tilteknum skilyrðum.

Í umsögn Heilbrigðisnefndar Vestfjarða frá 25. júlí sl. kemur fram að hefðir og venjur hafi skapast í gegnum tíðina varðandi brennur. Þar sem fólk safnast saman utandyra séu bálkestir brenndir til að lýsa upp rökkrið og skapa yl. Undanfarin ár hafi komist á sú hefð í Súðavíkurhreppi að um verslunarmannahelgina séu haldnir göngudagar þar sem gengnar eru gamlar leiðir í Súðavíkurhreppi og víðar með leiðsögn. Hluti af metnaðarfullri dagskrá göngudaga hafi verið brenna þar sem gestir og íbúar Súðavíkurhrepps hafa komið saman og átt góða stund við söng við

yl frá bálkesti. Gefin hafa verið út leyfi fyrir brennu á gönguhátíð árin 2019, 2020 og 2021. Á árunum 2014-2017 hafi verið haldnir bláberjadagar í lok ágúst byrjun september með brennu. Þessar brennur í Súðavíkurbrepp hafi verið á sama stað inn í þéttbýlinu fyrir neðan grunnskólann niðri á fjörुकambinum neðan. Vel hafi verið staðið að hreinsun á brennustæðum eftir brennu. Engar kvartanir eða athugasemdir hafi vegna brenna á þessum stað í gegnum árin. Þar sem um hefð sé að ræða, brennan hófleg og vanir menn sem standa að henni sér Heilbrigðisnefnd Vestfjarða ekkert því til fyrirstöðu að ráðuneytið veiti umbeðið leyfi.

Tímabundið starfsleyfi til handa Súðavíkurbreppi fyrir 100 rúmmetra brennu þann fór í kynningu á vef Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða þann 18. júlí sl., þannig að ráðuneytið telur að heilbrigðisnefnd hafi metið umsókn um starfsleyfi fullnægjandi. Kynning á starfsleyfisdrögum er sett á vefinn í tæpar tvær vikur fyrir áætlaða brennu sem til stendur að halda 29. júlí 2022 nk., ljóst er því að starfsleyfið verður auglýst í tæplega 50% af þeim fjórum vikum sem lögbundið er. Brenna stærri en 100 rúmmetrar er starfsleyfis skyld skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 8. tölul. viðauka IV með lögunum. Í beiðni um undanþágu kemur fram að sótt er um leyfi fyrir 100 rúmmetra brennu en jafnframt tekið fram að brennan verði væntanlega minni. Ráðuneytið tekur undir með Umhverfisstofnun að ekki virðist vera til staðar rík ástæða eða brýn þörf á að veita undanþágu frá starfsleyfi vegna brennu sem til stendur að halda 29. júlí nk. í Súðavík og að umsækjandi hefði mátt sjá fram á að útgáfa starfsleyfisins gæti tekið tíma. Samkvæmt umsögn heilbrigðisnefndar mun umrædd brenna vera mikilvægur samfélagslegur viðburður, sem fellur þó ekki undir ríka ástæðu. Ljóst er að brennan verði væntanlega mest 100 rúmmetrar og brennur minni en það eru ekki háðar starfsleyfi. Í ljósi þessa, framagreindra umsagna Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Vestfjarða og í samræmi við 1. mgr. 6. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, veitir ráðuneytið hér með Súðavíkurbreppi, kt. 630269-4589, undanþágu frá starfsleyfi fyrir 100 rúmmetra brennu í Súðavík fyrir neðan grunnskólann niðri á fjörुकambinum neðan vegar mínútna þann 29. júlí nk. Ábyrgðarmaður brennu er Barði Ingibjartsson kt. 170755-5459.

Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að fyrir liggja leyfi sýslumanns og jákvæð umsögn slökkviliðs sem og ábyrgðartrygging váttryggingafélags sé hennar krafist af sýslumanni.
2. Fara skal að samræmdum starfsleyfisskilyrðum vegna mengunarvarna og þeim skilyrðum sem Heilbrigðisnefnd Vestfjarða hefur sett til kynningar á vef sínum. Starfsemin skal jafnframt lúta ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003 laga um meðhöndlun úrgangs og laga nr. 40/2015 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum, eins og við á.
3. Um hlutverk ábyrgðarmanns brennu fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 325/2016 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum og ber ábyrgðarmaður ábyrgð á að fylgja ákvæðum þeirrar reglugerðar svo og gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt gildandi lögreglusamþykkt og eftirfarandi skilyrðum:
4. Óheimilt er að hefja söfnun í brennu fyrr en endanlegt leyfi lögregluþingvalda liggur fyrir ásamt jákvæðri umsögn slökkviliðsstjóra.
5. Gæta skal ýtrustu varkárni við hlaðningu brennu.
6. Brennan má ekki vera stærri en Heilbrigðisnefnd Vestfjarðar heimilar, enda sé stærð hennar í samræmi við sameiginlegar leiðbeiningar Brunamálastofnunar ríkisins (nú Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar), Hollustuverndar ríkisins (nú Umhverfisstofnunar) og Ríkislögreglustjóra. “Bálkestir og brennur. Leiðbeiningar um vinnutilhögun og leyfisveitingar. Dags. 7. desember 2000.”
7. Óheimilt er að kveikja í brennunni ef vindátt er óhagstæð að mati lögreglu.
8. Nota skal hreina olíu við kyndingu brennu en ekki úrgangsolíu. Verði notuð olía við uppkveikju ber að halda notkun hennar í lágmarki. Eingöngu má nota olíu sem afhent er beint frá olíufélagi. Þá skal ekki hella á brennuna fyrr en í fyrsta lagi einum klukkutíma áður en kveikt er í og þegar brennan er í “fullu báli” má ekki að hella meiri olíu á.
9. Á brennustæði skal vera þykkur og þéttur leirkenndur jarðvegur sem getur bundið olíu og fangað þau spilliefni sem niður fara.

10. Leyfilegt er að brenna timbur og trjágreinar. Ábyrgðarmanni brennu er skylt að sjá svo um að á brennu fari ekki óæskilegur eldsmatur á borð við sorp, plast- og gúmmíefni (s.s. plastkassar, fiskkór, netaafskurður, bíldekk og þess háttar), gagnvarið efni, dósir og tunnur með fljótandi eða föstum efnum (s.s. lím- og málningarafgangar) eða annað sem getur valdið hættulegum sprengingum. Því þarf að vakta brennustæði eða að takmarka aðgengi að svæðinu.
11. Vöktun á brennu skal vera samfelld, sbr. ákvæði í 5. gr. í leiðbeiningum Brunamálastofnunar (nú Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar), Hollustuverndar ríkisins (nú Umhverfisstofnunar) og Ríkislögreglustjóra frá 7. desember 2000.
12. Kveikt skal í brennu kl. 20:30 29. júlí 2022 og sjá skal um að slökkt sé í brennu fyrir kl. 01:00 þann 30. júlí 2022, brennustæði sé hreinsað sem fyrst að brennu lokinni og ösku og öðrum úrgangsefnum verði fargað. Tryggja skal að ekki sé hætta á foki frá brennustæði, hvorki fyrir né eftir brennu.
13. Starfsemin er háð eftirliti Heilbrigðisnefndar Vestfjarða.  
Framangreind skilyrði taka mið af bestu aðstæðum. Bent er á að heilbrigðisnefnd getur gert frekari staðbundnar kröfur ef aðstæður krefja, svo sem varðandi olíunotkun.  
Ábyrgðarmaður brennu ber ábyrgð á því að starfsemi hans sé í samræmi við gildandi löggjöf og að skráðar upplýsingar um starfsemi hans séu réttar.  
Undanþága þessi gildir til 1. ágúst 2022.  
Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Kjartan Ingvarsson

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Afrit:  
Umhverfisstofnun  
Heilbrigðisnefnd Vestfjarða